

Miðvikudaginn 27. janúar 1943.

Nr. 39/1942. **Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga**

(cand. jur Gunnar J. Möller)

gegn

Oddnýju Magnúsdóttur og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dánarbætur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1942 og krafizt aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara lækkunar á dæmdri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 13. maí 1942. Krefst hún þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 15000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hún og málskostnaðar af aðaláfrýjendum fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

I.

Eftir því sem komið hefur fram hér fyrir dómi, var aðaláfrýjandi Kristinn Vigfússon fastráðinn afgreiðslumaður hjá Kaupfélagi Árnesinga, þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af. Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, réð hann því, að uppskipunarbáturinn „Dúfa“ yrði notaður til hins fyrirhugaða fiskflutnings frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka þann 15. maí 1940, og annaðist hleðslu bátsins. Honum var kunnugt um spjöll þau, er á uppskipunarbátunum höfðu orðið þá áður um veturinn, enda hafði hann sjálfur unnið að viðgerð bátsins ásamt Halldóri Magnússyni, er með bátnum fórst. Þrátt fyrir þetta þykir þó ekki fullyrðandi, að honum hafi verið eða átt að vera það ljóst,

að báturinn væri óhæfur til þessarar notkunar né að hann hafi orðið ofhlaðinn til ferðarinnar. Og ekki er það sannað, að hleðslu fisksins í bátnum hafi verið úbóta vant. Þykir því verða að sýkna aðaláfrýjanda Kristinn Vigfússon af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

II.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, er það ósannað, að aðaláfrýjanda Ísleifi Sigurðssyni hafi verið kunnugt um spjöll þau, er á uppskipunarbátnum höfðu orðið, né að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að dráttur á bátnum með farmi þeim, sem í honum var, væri varhugaverður. Verður honum því ekki talið það til ógætni, eins og veðri og sjó var háttað, að hann fór venjulega siglingaleið. Að visu gáfu menn þeir, er í uppskipunarbátnum voru, eitt sinn merki um að sigla nær landi, en ekki verður fullyrt, að Ísleifur hafi þá haft ástæðu til að ætla, að nokkur hætta væri á ferðum, enda var merkið ekki endurtekið. Gegn mótmælum Ísleifs er ekki sannað, að hann né félagi hans á dráttarbátnum hafi orðið varir við, að nokkuð væri að uppskipunarbátnum, fyrr en í þeim svifum, er til þeirra var kallað. Tók báturinn þá skyndilega að sökkva, og varð engri björgun við komið. Þykja aðgerðir Ísleifs í för þessari ekki hafa verið með þeim hætti, að honum verði gefin sök á slysinu. Verður því einnig að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

III.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Árnesinga var eigandi beggja þeirra báta, er í máli þessu greinir. Var förin farin í þess þágu og ákvörðun um notkun uppskipunarbátsins tekin af fyrirsvarsmanni þess, eins og áður greinir. Umrætt slys bar að höndum með þeim hætti, að telja verður ótvírætt, að uppskipunarbáturinn hafi ekki verið hæfur til þeirrar notkunar, sem í málinu getur, og megi orsakir slyssins til þess rekja. En báturinn hafði ekki verið skoðaður eftir bráðabirgðaviðgerðina samkvæmt lögum nr. 78/1938. Þykir því verða að leggja fjárhagsábyrgð af slysi þessu á Kaupfélag Árnesinga.

Að því er varðar greiðsluskyldu aðaláfrýjanda Kaupfélags Árnesinga, þá ber með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um upphæð dánarbóta, vexti og málskostnað gagnáfrýjanda til handa. Svo þykir og rétt, að Kaupfélag Árnesinga greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum, að því er tekur til aðaláfrýjendanna Kristins Vigfússonar og Ísleifs Sigurðssonar.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur Kristinn Vigfússon og Ísleifur Sigurðsson eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda Oddnýjar Magnúsdóttur, í máli þessu og falli málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að því er þá varðar.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Árnesinga greiði gagnáfrýjanda kr. 8032.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags, kr. 500.00 í málskostnað í héraði og kr. 500.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 30. maí f. á., af Oddnýju Magnúsdóttur, Stigprýði á Eyrarbakka, gegn Kristni Vigfússyni verzlunarmanni, Ísleifi Sigurðssyni verzlunarmanni og Agli Thorarensen kaupfélagsstjóra f. h. Kaupfélags Árnesinga, öllum til heimilis að Selfossi í Árnessýslu, til greiðslu in solidum á dánarbótum, að upphæð kr. 15000.00, eða til vara annarri upphæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Hermanni til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda; til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þeir krefjast og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 14. maí 1940 sendi hið stefnda kaupfélag meðstefndu Kristinn og Ísleif til Þorlákshafnar til að annast flutning á óverkuðum saltfiski, sem flytjast átti til Eyrarbakka til verkunar. Að morgni þess 15. maí var fiski þessum, sem var 6500 kg, komið fyrir í uppskipunarbátnum Dúfu, er var eign kaupfélagsins. Annaðist stefndur Kristinn hleðsluna ásamt nokkrum mönnum öðrum. Klukkan rúmlega 11 f. h. þenna dag fór svo v/b Hermann, sem einnig er eign kaupfélagsins og var undir stjórn stefnds Ísleifs, af stað frá Þorlákshöfn með uppskipunarbátinn í eftirdragi. Í uppskipunarbátnum voru tveir menn, Halldór Magnússon frá Hrauni í Ölfusi og Ingvar Þórarinsson, sonur stefnanda þessa máls. Um það bil miðja vegu milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka sökk uppskipunarbáturinn skyndilega, og drukknudu báðir mennirnir, er í bátnum voru, og hafa lík þeirra ekki fundizt. — Telur stefnandi, að slys þetta hafi orðið vegna vitaverðs gáleysis af hálfu þeirra manna, er unnu að hleðslu skipsins og flutningnum til Eyrarbakka, bæði að því er snertir ástand uppskipunarbátsins, hleðslu hans og dráttinn. Menn þeir, er stóðu fyrir þessu, stefndir Kristinn og Ísleifur, svo og hið stefnda kaupfélag sem eigandi skipanna og fisksins og vinnuveitandi áður nefndra manna hljóti að bera fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, er slysið hafi valdið. Heldur stefnandi því fram, að Ingvar heitinn hafi verið sér til aðstoðar og framfærandi sinn að miklu leyti. Hefur stefnandi því krafist stefndu um dánarbætur, eins og áður segir, en með því að þeir hafa reynzt ófáanlegir til að greiða þær, er mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggja stefndir í fyrsta lagi á því, að umrætt slys hafi ekki orðið fyrir neitt gáleysi af þeirra hálfu.

Verða nú athuguð nánari atvik að slysinu, svo og afstaða stefndu í því sambandi.

Stefndum Kristni Vigfússyni er gefið það að sök, að hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að nota uppskipunarbátinn Dúfu til ferðarinnar, svo og með því að hlaða hann eins og gert var, enda hafi þetta hvorttveggja átt þátt í því, að slysið varð.

Eftir því sem fram hefur komið í rannsókn málsins, virðist það ekki hafa verið fyrirfram ákveðið að nota umræddan uppskipunarbát til fararinnar, því að stefndur Kristinn hefur borið það, að fyrirhugað hafi verið að nota stærri bát í þessu skyni. Þar sem báturinn hafi hins vegar verið í Þorlákshöfn og þurft að komast til Eyrarbakka, hafi það orðið úr að nota hann. Verður ekki annað séð en að stefndur Kristinn hafi ráðið þessu. — Um bát þenna, sem var opinn, er það vitað, að hann var þiljaður að innan frá barka að skut, en ekki er með vissu kunnugt um stærð hans. Eitt vitni, sem hafði unnið við uppskipun með bátinn, telur, að venjulega hafi ekki verið látin í hann meira en 5 tonn í góðum sjó, og

tvö vitni kveðast hafa heyrt, að báturinn hefði 5 tonna burðarþol. — Það er vitað, að nokkru fyrir júl 1939 brotnuðu nokkur borð í bátshliðinni, og gerðu þeir stefndur Kristinn og Halldór heitina Magnússon við þá löskun með þeim hætti, að dældin í skipshliðinni var fyllt með tréflægum, því næst lagður þar yfir tjörubleyttur flónelslappi og loks negld blýplata þar utan á og út yfir dældina. Eftir að þetta skeði, mun báturinn hafa verið notaður til lagningar á botnkeðjum í Þorlákshöfn, og virðist hann þá hafa verið eitthvað lekur. Á að gizka 2—3 vikum áður en slysið varð, var báturinn og notaður heilan dag við franskipun á lýsi og uppskipun á kolum úr skipi, er lá um 500 metra frá landi í Þorlákshöfn. Var veður þá allslæmt, en leki á bátaum þó talinn fremur litill. Báturinn hafði síðan staðið uppi á landi, þar til hann var notaður þann 15. maí 1940. Réð stefndur Kristinn aðallega hleðslu fiskisins í bátinn, en hann var á floti, meðan hleðslan fór fram. Var fiskurinn settur í einn hlaða milli þóftanna, og náði fiskhlaðinn út að borðstokknum báðum megin. Breitt var segl yfir fiskinn í bátnum, án þess að seglið næði út af borðstokknum, og árarnar, 4 að tölu, lagðar ofan á, tvær hvorum megin við hlaðann. Auk þess var lagður planki (aukaþófta) ofan á seglið að framan. Annars voru engin sérstök björgunartæki í bátnum.

Eins og aðstæðum hefur verið lýst hér að framan, getur það ekki talizt hafa verið áhættulaust að taka uppskipunarbátinn Dúfu, eins og hann var á sig kominn, til flutnings á þeim fiski, sem skipað var um borð. Það, hvernig hleðslunni var hagað, verður og að teljast hafa verið mjög varhugavert, þar sem fiskinum var þannig fyrir komið í bátnum, að erfitt var að sjá leka, er í skipið kunnir að koma, svo og að koma við fullnægjandi austri; auk þess sem seglið var sett þannig yfir fiskinn, að það veitti ekki örugga vörn gegn ágjöf, sem búast mátti við, eins og veðri og sjó var háttað, en að því verður vikið síðar. — Verður því að telja, að stefndur Kristinn hafi sýnt af sér gáleysi að þessu leyti, og þar sem þetta verður að teljast hafa átt sinn þátt í slysinu, getur framangreind varnarástæða, að því er hann snertir, ekki orðið tekin til greina.

Stefndum Ísleifi Sigurðssyni er gefið það að sök að hafa hagað drættinum gáleysislega.

Á v/b Hermanni, sem er rúmar 7 smálestir að stærð, var auk formannsins Ísleifs einn vélamaður. Uppskipunarbátnum Dúfu var fest aftan í v/b Hermann með 30 faðma löngum vír, og voru á að gizka 25 faðmar á milli bátanna. Farin var venjuleg siglingarleið, sem er bein stefna til Eyrarbakka. Samkv. upplýsingum frá Veðurstofnunni var vindur á Eyrarbakka þenna morgun kl. 8 ANA 4 vindstig og kl. 14 NNA 6 vindstig, og var hvítt í báru, sem kallað er. Um það bil 15 til 20 mínútum áður en slysið skeði, gáfu mennirnar á

uppskipunarbátnum merki, sem skipverjum á Hermanni skildist helzt, að ættu að tákna, að farið skyldi nær landi. Með því að þeir í uppskipunarbátnum höfðu þá sveigt örlítið í áttina til lands, breytti Ísleifur stefnu vélbátsins aðeins í samræmi við það, en annars urðu þeir á Hermanni sammála um, að óþarfi væri að beygja nokkuð nær landi, og var það því ekki gert frekar. Rétt áður en slysið skeði, heyrðust mennirnir í uppskipunarbátnum kalla, og segir vélamaðurinn á v/b Hermanni, að sér hafi heyrzt þeir segja, að sjór væri kominn í bátinn og þeir hefðu ekki við að ausa. Var ferðin þá tekin af vélbátnum og reynt að snúa við, en vélbáturinn lét ekki að stjórn, enda var hann orðinn ferðlitill, og dráttartaugin togaði fast í bátinn aftanverðan, þar sem uppskipunarbáturinn var að sökkva í sömu andránni. Annar mannanna í uppskipunarbátnum fleygði sér í sjóinn miðskipa, en hinn hljóp fram á hnifil og sökk þar með bátnum. Skaut öðrum manningnum upp nokkru síðar, en sökk strax aftur.

Af hálfu stefnds Ísleifs er því mótmælt, að honum hafi verið kunnugt um, að nokkuð væri athugavert við uppskipunarbátinn, er haldið var af stað, og er það ósannað gegn þeim mótmælum. Hins vegar hlaut hann að sjá, hversu báturinn var hlaðinn og hve umbúnaður þar var ófullkominn, eins og að framan er lýst. Það verður því fyrst og fremst að teljast hafa verið ógætilega að farið, að binda þannig hlaðinn bát aftan í vélbátinn, eins og gert var, og þar með hindra nauðsynlegar hreyfingar vélbátsins, ef í nauðir rak. Í þeim sjó, sem var á þessum slóðum, verður það og að teljast hafa verið gálaust að fara með uppskipunarbátinn þá leið, sem farin var, í stað þess að fara nær landi, enda virðist það álit margra hinna sjófróðustu manna austur þar, er þeir hafa verið spurðir um það atriði fyrir rétti. Var þar minni hætta á ágjöf, en hún virðist hins vegar hafa verið talsverð þar, sem farið var, og sjór hafi þannig komizt í uppskipunarbátinn. Og sérstaklega verður þetta að teljast hafa verið ámælisvert, þar sem mennirnir í bátnum gáfu bendingu, sem skipverjar á vélbátnum skildu þannig, að þeir vildu, að haldið væri nær landi, en því var ekki sinnt, svo að nokkra þýðingu hefði, og ekki einu sinni gengið úr skugga um, af hverju mennirnir í uppskipunarbátnum gáfu þessi merki eða hvernig ástatt væri þar um borð. Stefnur Ísleifur, sem talinn verður bera ábyrgð á drættinum, þykir því einnig hafa sýnt óvarkárni í starfi sínu, og getur framangreind varnarástæða af hans hálfu því ekki orðið tekin til greina.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknuröfu sína á því, að mennirnir, sem voru í uppskipunarbátnum, hafi sjálfir gerzt sekir um stórkostlegt gáleysi. Hafa stefndir talið það mönnum í uppskipunarbátnum til áfellis, að þeir skyldu ekki hafa hagrætt seglinu ofan á fiskinum, er þeir voru komnir út á sjó og ágjöf tók að aukast.

— Eftir því sem upplýst er um hleðslu bátsins og hvernig gengið var frá seglinu, verður þó ekki séð, að mennirnir hafi átt hægt um vik að hagræða þessu, enda þurftu þeir um margt annað að hugsa, svo sem austur og stýrisstjórn. — Loks telja stefndir, að mennirnir hafi látið sér úr greipum ganga möguleika til bjargar, þar sem þeir hafi ekki gripað til plankans og ára þeirra, er lágu ofan á seglinu í bátnum. — Þegar þess er gætt, hversu báturinn sökk skyndilega og svo að segja enginn tími var fyrir mennina til að átta sig á því, sem var að gerast, getur þetta atriði ekki talizt þeim til áfellis. — Framangreind varnarástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður þannig að telja, að stefndir, Kristinn og Ísleifur séu valdir að framangreindu slysi fyrir óvarkárni. Verður því og talið, að heimilt sé að sækja hið stefnda kaupfélag til ábyrgðar að þessu leyti, þar sem það átti og gerði út v/b Hermann, en stefndur Ísleifur var við skyldustörf á þeim bát, er framgreindir atburðir gerðust, og stefndur Kristinn vana að framangreindum störfum í þjónustu félagsins.

Þar sem þessir aðiljar verða þannig að teljast ábyrgir fyrir dauða Ingvars heitins, verður sú ábyrgð talin „solidarísk“, að því er snertir dánarbætur til stefnanda, ef litið verður svo á, að hún hafi að einhverju leyti verið á framfæri Ingvars, en sýknukröfu sína hafa stefndir í þriðja lagi byggt á því, að svo hafi ekki verið. Tekjur Ingvars heitins hafi ekki verið slíkar, að hann væri aflögufær, enda muni elzti sonur stefnanda, Jón, vera aðal fyrirvinna hennar, auk þess sem hún hafði um mörg ár notið framfærslustyrks frá Eyrarbakkaheppi.

Stefnandi, sem nú er rúmlega fimmtug að aldri, varð ekkja fyrir rúmum 10 árum, þá með 7 börn. Samkv. vottorði hreppstjóra Eyrarbakkahepps hafa öll börnin unnið heimilinu það, sem þau hafa getað, en hann telur þó, að Ingvar heitinn, sem var 19 ára gamall, þegar hann drukknaði, og ókvæntur, hafi verið sá af börnunum, sem hafi lagt drýgstan skerf til móður sinnar. Hún hefur ekki stundað útveg eða kvikfjarrækt, en hins vegar haft talsverða matjurtarækt og nokkra hænsnarækt. Skattskyldar tekjur Ingvars heitins voru aðeins 197 kr. árið 1939, en hann mun þá að verulegu leyti hafa unnið hjá móður sinni og fengið litið annað fyrir en fæði, klæði og húsnæði. Eldri sonur stefnanda, Þorbergur Jón, mun hafa haft 935 kr. „nettó“-tekjur árið 1939 og kr. 1500 árið 1940 og yngri sonur hennar Magnús 1056 kr. „nettó“tekjur sama ár. Stefnandi hefur fengið frá 250 til rúmlega 800 kr. í framfærslustyrk á ári frá því árið 1932, kr. 250.00 á ári frá 1938. — Samkv. þeim gögnum, er fyrir liggja og að framan greinir, verður að teljast sennilegt, að Ingvar heitinn hafi verið og hefði orðið framfærandi móður sinnar a. m. k. að nokkru leyti, og með tilliti til

allra aðstæðna þykja því dánarbæturnar henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 9000.00.

Því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að til frádráttar bótonum eigi að koma dánarbætur þær, kr. 968.00, sem hún hefur fengið greiddar úr slysatryggingunni, og lækkar því hin dæmda fjárhæð sem því svarar. Verður stefndu gert að greiða nefnda upphæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Samkv. 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í v/b Hermanni til tryggingar kröfunum.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Oddnýju Magnúsdóttur, kr. 8032.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/b Hermanni til tryggingar kröfunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 18/1942. Síldarverksmiðjur ríkisins

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Jóni Björnssyni og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson).

Um skaðabótaábyrgð fyrirtækis vegna lemskurs, er verka-
maður hlaut við vinnu í þjónustu þess.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarsyni lög-
manni.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæsta-
réttar með stefnu 2. marz 1942, krefst sýknu af kröfum
gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í hér-